

1859.

9. ágúst.

horf; og ef í öðru lagi íslenzkum stúdentum, er stunda læknisfræði við Kaupmannahafnar háskóla, yrði veittur 200 rd. styrkur, eins og áður hefur verið um getið, úr sjóði „kommúnitetsins“, auk ölmusu þeirrar úr sjóði þessum, og hlunninda á „regentsi“, sem þeir eptir reglugjörð 11. febrúarm. 1848, 4. gr. eiga rétt á að njóta, undireins og búið er að rita þá í tölu stúdenta við háskólann; er það sjálfsagt, að styrkur sá, er áður var um getið, aðeins yrði veittur hlutaðeigendum með þeim skilmála, að þeir skuldbyndu sig til að taka við læknisembættum á Íslandi.

Það hans hátign konungurinn hefur, með allramildlegustum úrskurði 27. maím. þ. á., fallið á að reynt sé að koma skipulagi á málið á þenna hátt, leyfir dómsmálastjórnin sér að senda hinni heiðruðu kirkju- og kennslustjórn skjöl málsins, sem rituð eru á lista þann, sem fylgir bréfi þessu, og felur henni þetta atriði málsins til hinna beztu aðgjörða. Þegar svo langt er komið biður dómsmálastjórnin um, að sér verði tilkynnt úrslit málsins og skjölin send aptur.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til lögfræðisdeildarinnar við Kaupmannahafnar háskóla, um kennslu í íslenzkri lögfræði.

17. ágúst.

Eins og sjá má af meðfylgjandi bænarskrá hefur alþing Íslendinga árið 1857 enn á ný farið þess á leit, að 15. grein í tilskipun 26. janúarm. 1824 yrði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún á kveður, að hinir „dönsku jústistar“, sem svo eru kallaðir, geti orðið sýslumenn á Íslandi, og að sem allrafyrst á kostnað ríkissjóðsins verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum; skyldu lögfræðingar þeir, sem tækju embættispróf í skóla þessum og reyndust hæfir, öðlast rétt til lögfræðingaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum er þurfa þætti.

Dómsmálastjórnin gjörir lögfræðisdeildinni kunna bænarskrá þessa, og skal þess getið, að henni var synjað um bænheyrslu með konungsúrskurði 6. maím. þ. á., sem sjá má af meðfylgj-

1859.
17. ágúst.

andi konunglegri auglýsingu til alþingis 27. s. m.; sömu urðu og afdrif bænarskrár þeirrar, er alþing sendi konungi árið 1855 um sama efni. Um leið og dómsmálastjórnin, til upplýsingar um ástæður þær, er stjórnin hafði fyrir sér, þá er máli þessu var ráðið til lykta, lætur hér með fylgja eptirrit af skýrslu til konungs um þetta efni 25. maí 1857, er lögfræðisdeildin beðin að láta í ljósi álit sitt um það, hvort ekki megi í fyrirlestrunum um hina dönsku lögfræði hafa nokkru meira tillit til Íslendinga, er stunda lögfræði við háskólann, með því, að útskýra nákvæmar, en hingað til hefur tíðkast, þau atriði, þar sem íslenzkan rétt greinir frá hinni almennu dönsku löggjöf; svo og með því, að skýra stuttlega frá þeim fáu réttaratriðum, þar sem hin forna íslenska löggjöf (Jónsbok) ennþá er í gildi.

Með svari lögfræðisdeildarinnar biður dómsmálastjórnin um að fylgiskjölin verði send aptur.

19. ágúst.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um 400 dala lán til bæjarsjóðsins í Reykjavík.

Þaræð árstekjur Reykjavíkur bæjar, einkum tillög þau, sem jafnað er niður á byggingar bæjarins, eður innbúana eptir efnunum og ástandi, ekki eru komnar í gjalddaga á þeim tíma árs, sem er haganlegastur til að vinna það sem vinna þarf fyrir bæinn á ári hverju, og verður því að fresta þessu til óhentugri tíma, sem vanalega gjörir vinnuna dýrari en hún annars yrði eða ætti að vera, hafið þér, herra stiptamtmaður, til þess að ráða alveg bót á þessu, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar, og í von um samþykki stjórnarinnar, leyft að taka mætti til láns 400 ríkisdali handa bæjarsjóðnum með þeim skilmálum: 1) að af því sé goldnir 4 dalir af hundraði í rentu; 2) að lánið sé borgað aptur með 40 dölum á hverju ári, og skal þeim fyrstu 40 dölum lokið 1861; 3) að þessir 40 dalir með rentunum sem eptir standa á ári hverju, þangað til lánið er alborgað, séu teknir sér upp í reikning bæjarins, og að þess sé nákvæmlega gætt, að þessum 400 dölum ekki sé blandað saman við jafnaðarsummuna, svo að